

Sp.

836. Nefndarálit

um kæru út af kosningunni í Skagafjarðarsýslu.

Frá meiri hl. kjörbréfanefndar.

Við talningu atkvæða í Skagafjarðarsýslu 26. júní þ. á., á atkvæðum frá alþingiskosningunum, sem fram fóru 24. júní þ. á., varð ágreiningur um fjóra atkvæðaseðla á milli umboðsmanna Sjálfstæðisflokksins og frambjóðenda Framsóknarflokksins. Umboðsmenn Sjálfstfl. mótmæltu öllum þessum seðlum, en frambjóðendur Framsóknarfl. kröfðust þess, að þeir yrðu allir teknir gildir, og tóku jafnframt fram, að ef yfirkjörstjórnin skyldi úrskurða seðlana ógilda,

óskuðu þeir eftir úrskurði Alþingis í málinu. Atkvæðaseðla þessa úrskurðaði yfirkjörstjórn alla ógilda. Á grundvelli þess úrskurðar urðu úrslit kosningarinnar þau, að frambjóðandi Sjálfstæðisfl., Jón Sigurðsson, hlaut jafna atkvæðatölu og frambjóðandi Framsóknarfll., sr. Sigfús Jónsson, hvor 911 atkv., og fór síðan fram hlutkesti samkv. 119. gr. kosningalaganna, með þeim úrslitum, að sr. Sigfús Jónsson hlaut kosningu. Alþingi hefir úrskurðað kosningu hans gilda, en vísað ágreiningnum um fyrrgreinda 4 atkvæðaseðla til kjörbréfanefndar.

Nefndin hefir athugað þau gögn, sem hún hefir fengið í hendur um mál þetta, sem eru útskrift úr gerðabók yfirkjörstjórnarinnar í Skagafjarðarsýslu, bréf hreppstjóra Lýtingsstaðahrepps, dags. 25. júní þ. á., fylgibréf atkvæðaseðlanna nr. 4601 og 4602, einn utankjörfundarseðill og einn kjörfundarseðill. Hefir meiri hl. við þá athugun komizt að þessari niðurstöðu:

Utankjörfundarseðlana nr. 4601, Hermann Stefánsson, Brekkukoti, og nr. 4602, Herselía Sveinsdóttir, Ytri-Mælifellsá, ber að taka gilda. Hér er ekki um annan galla að ræða en þann, að greindir 2 kjósendur hafa ekki undirritað fylgibréfin, en það er sannað með vottorði hreppstjórans í Lýtingsstaðahreppi og þeirra vitundarvotta, sem lögum samkvæmt hafa skrifað undir fylgibréf greindra kjósenda, að kjósendur þessir fengu fylgibréfin afhent ásamt umslögnum, eftir að hreppstjóri hafði útfyllt allt, sem honum bar, svo að þeir gætu kosið í einrúmi og lokað síðan umslögnum með fylgibréfinu og sjálfir sett þau í kjörkassann. Hefir því kosningin farið að öllu lögformlega fram, nema að því leyti, að kjósendur sjálfir hafa gleymt að skrifa nöfn sín á fylgibréfið, og virðist ekki rétt að láta slíka vangá varða ógildingu atkvæða þeirra. Að hreppstjóri skrifaði á umslögin fyrir þau, er algert aukaatriði. En rétt virðist út af þessu að áminna utankjörfundarkjörfstjóra um að gæta vel allra formsatriða.

Þá virðist rétt að taka gildan utankjörfundarseðil, sem yfirkjörstjórn las sem „Steingrímur Sigfússon“, en kjósandi hefir greinilega ætlað að skrifa „Steingrímur Sigfús séra“. Getur sá seðill ekki átt við aðra af frambjóðendum í Skagafjarðarsýslu heldur en Steingrím Steinþórsson og sr. Sigfús Jónsson, og er því ekkert um að villast.

Fjórða seðilinn, sem yfirkjörstjórn úrskurðaði ógildan, en það er kjörfundarseðill, þar sem 2 krossar standa á strikinu á milli Magnúsar Gíslasonar, frambjóðanda Bændafll., og Sigfúsar Jónssonar, frambjóðanda Framsóknarfll., virðist rétt að meta gildan, þar sem krossarnir fara eigi út fyrir reiti þeirra Magnúsar Gíslasonar og Sigfúsar Jónssonar, og það virðist því greinilegur vilji kjósandans að kjósa greinda frambjóðendur, enda þótt svo óhönduglega hafi tekizt, að krossarnir báðir hafa lent á strikunum á milli reitanna.

Afleiðing framanritaðrar niðurstöðu verður þá sú, að Sigfús Jónsson, frambjóðandi Framsóknarflokksins, hefir við kosninguna hlotið 2 gild atkvæði í viðbót við þau 911 atkvæði, sem yfirkjörstjórn viðurkenndi. Bar honum því kjörbréf, án þess að hlutkesti færi fram, sem 2. þm. Skagfirðinga, því Jón Sigurðsson, frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins, hafði aðeins 911 atkvæði. Meiri hl. hefir hinsvegar ekki viljað opna atkvæðaseðla þá, sem fylgja fylgi-

bréfunum nr. 4601 og 4602, því hann telur, að með því sé brotinn leyndarréttur þeirra tveggja kjósenda, sem hér eiga hlut að máli.

Að lokum leyfir meiri hl. sér, með skirskotun til framanritaðs, að leggja fyrir Alþingi svofellda

TILLÖGU:

Alþingi telur, að ógildingarúrskurður yfirkjörstjórnar Skagafjarðarsýslu á 4 atkvæðum frá alþingiskosningunum 24. júní þ. á. sé rangur og yfirkjörstjórn hafi borið að veita Sigfúsi Jónssyni kjörbréf sem 2. þm. Skagfirðinga, án undangengins hlutkestis.

Alþingi, 14. des. 1934.

Bergur Jónsson,
form., frsm.

Stefán Jóh. Stefánsson,
fundaskrifari.

Einar Árnason.